

Fyrirspurn

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um sjálfbæra ræktun orkujurta.

Frá Silju Dögg Gunnarsdóttur.

1. Hver er staða rannsóknarverkefnis, sem Samgöngustofa og forverar hennar hafa unnið að, um sjálfbæra ræktun orkujurta á Íslandi til skipaeldsneytis? Hver er afstaða ráðherra til þess?
2. Hvernig telur ráðherra að megi stuðla að því að repjuolía komi sem allra fyrst í stað dísilolíu í íslenskum fiskiskipum?
3. Hvaða möguleikar eru á því að rækta repju og framleiða repjuolíu á Íslandi fyrir allan íslenska fiskiskipaflotann? Er hér verið að brenna matvælum um borð í skipum?
4. Ætla stjórnvöld að setja af stað aðgerðaáætlun til að ná því upphafsmarkmiði að íslenski fiskiskipaflotinn noti 5–10% íblöndun af íslenskri repjuolíu á aðalvélar sínar?

Skriflegt svar óskast.